

Ed.

629. Frumvarp til laga

[175. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Eftir eina umr. í Nd., 2. júní.)

1. gr.

- 2., 3. og 5. tölul. 37. gr. orðist þannig:
2. í læknadeild 10,
3. í laga- og viðskiptadeild 7 — en þó skulu prófessorsembætti í viðskiptafræðum ekki verða þrjú, fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum,
5. í verkfræðideild 5.

2. gr.

Fyrsta málsgrein 38. gr. orðist þannig:

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflæknis- og handlæknisdeildum Landsspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, unz komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennari í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.